



Fundargerð stjórnar SOS nr. 322

Staður: Skrifstofa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, Hvolsvelli, og Sorpstöðinni Strönd.

Dagsetning og tími: 13.11.2023, kl. 13:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð.

1. Heimsókn á Strönd

Fáum kynningu frá framkvæmdastjóra Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og skoðað svæðið.

2. Reikningur frá Sorpstöð Rangæinga v. brennslulausna

Fjallað um beiðni um frá Sorpstöð Rangæinga vegna kostnaðarþátttöku SOS vegns undirbúnings brennslulausna skv. fyrirbyggjandi samantekt kostnaðar. Á aðalfundi SOS 25. október 2019 var stjórn veitt heimild til að gera samstarfssamning við Sorpstöð Rangárvallasýslu vegna verkefnisins. Heimildin fólst í að SOS tæki að sér að fjármagna með láni úr sjóðum SOS helming stofnkostnaðar eða um 40 m.kr. sem síðan yrði endurgreitt á kjörum Lánasjóðs sveitarfélaga. Stjórn óskar eftir að fá fyrrum formann stjórnar, Jón Valgeirsson, til að fara yfir málið með stjórn SOS á næsta fundi stjórnar.

3. Uppgjör eftir aðalfund SOS í Vík

Almennar umræður um aðalfundinn. Farið yfir tillögur sveitarfélaganna að áhersluverkefnum SOS 2024.

Stjórn SOS leggur áherslu á tvö verkefni næsta starfsárið:

- Finna farveg fyrir umhverfisvæna og örugga förgun á efni úr fituskiljun. Formanni falið að taka saman helstu punkta um stöðuna og fyrirhugað að taka málið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar SOS.
- Sameiginlegt fræðsluefni í sorpmálum. Rætt og skoðað það fræðslu- og kynningarefni sem var unnið fyrir verkefnið Umhverfis Suðurland sem mætti endurvekja og endurnýta að einhverju leyti. Formanni falið að ræða

við framkvæmdarstjóra um útfærslu á verkefninu og fyrirhugað að taka málið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar SOS.

4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Stefnt er að því að fundur verði haldinn í fjarfundarbúnaði þann 4. desember nk. kl. 15.

Fundi slitið klukkan 15:30.